



Þjónusta við börn með geðrænan vanda, fötlun eða aðra sérstöðu

Spurningar til stjórnmalaflokka sem bjóða sig fram til Alþingis í kosningum 2017

Kæra stjórnmalafólk

Fyrir síðustu alþingiskosningar sendi þrýstihópur um bættu þjónustu við börn spurningar til allra stjórnmalaflokka sem buðu fram til Alþingis. Ýmislegt hefur gerst á síðasta ári, m.a. eru komnar niðurstöður úttektar sem gerð var á vegum Evrópumíðstöðvar um menntun án aðgreiningar og teljum við því mikilvægt að fá aftur svör við þessum spurningum.

Hópnum er umhugað um að málum verði fylgt fast eftir og óskar þess þar af leiðandi af ykkur að þið gefið ykkur tíma til að svara neðangreindum spurningum sem allar varða málefnið með beinum eða óbeinum hætti.

Við óskum þess að fá svör á netfangið samfok@samfok.is fyrir þann 23. október. Svörin sem berast verða birt almenningi svo fólki gefist kostur á að sjá hver sjónarmið ykkar eru varðandi málefnið.

Spurningarnar eru eftirfarandi:

1. Hvað ætlar þinn flokkur að gera til að tryggja að hér á landi sé menntastefnunni um skóla án aðgreiningar raunverulega framfylgt?

Samfylkingin vill að skólakerfið gefi öllum börnum tækifæri til að virkja hæfileika sína og áhugasvið til fulls. Það stuðli að alhliða þroska þeirra sem og félagsfærni og veiti góðan undirbúning fyrir krefjandi framtíð þar sem þau þurfa að takast á við ný verkefni og nýja tækni.

Það er grundvallarstefna Samfylkingarinnar að börn og ungmenni hafi jafnan aðgang að skólum á Íslandi, óháð búsetu eða efnahag. Þess vegna viljum við að skólagjöld og námskostnaður í leik- grunn- og framhaldsskólum verði felldur niður.

Samfylkingin er fylgjandi stefnu um skóla án aðgreiningar. Þeirri stefnu hafa hins vegar ekki fylgt þeir fjármunir sem þarf til svo að hún virki sem skyldi. Það er mikilvægt að tryggja sveitarfélögum og þar með skólum fjármagn til að standa undir þessari nemendamiðuðu menntastefnu.

Lýðræðisleg þátttaka barna og foreldra þeirra í ákvörðunartöku um námið lykilþáttur í fyrir nemendamiðuð nám.

Samfylkingin leggur áherslu á að skipulag skóla og náms stefni að því marki að allir nemendur ljúki námi með brautskráningu. Við viljum að þeim nemendum sem fallið hafa brott úr skóla verði auðveldað að hefja nám að nýju. Jafnframt viljum við að innleiddar verði heildstæðar leiðir til að þjóna nemendum með mismunandi þarfir, jafnt nemendum sem glíma við náms- eða hegðunarerfiðleika og bráðgerum nemendum.

2. Það er á ábyrgð ríkis að verkefnum sem falin eru sveitarfélögum fylgi fjármagn. Hvernig ætlar þinn flokkur að tryggja að þú að fjármagn sem þarf til að reka skóla án aðgreiningar verði veitt frá ríki til sveitarfélaga?

Samfylkingin leggur megináherslu á að bæta menntakerfið og að forgangsraða þurfi í þágu skólastarfs. Sveitarfélög hafa ekki fengið sanngjarnan hlut í góðæri síðustu ára, sem hefur skilað tugmilljarða tekjuaukningu til ríkisins á sama tíma og verkefni sem flust hafa frá ríki til sveitarfélaga, ekki síst skólamálin hafa verið alvarlega vanfjármögðuð. Samfylkingin leggur áherslu á réttlátari skiptingu tekna milli ríkis og sveitarfélaga m.a. til að fjármagna nauðsynlegar úrbætur í skólumálum og reka skóla án aðgreiningar.

3. Í ljósi þess að öll þjónusta á að vera til staðar í skóla án aðgreiningar, er mikilvægt að þar sé nóg af vel menntuðu starfsfólki til að mæta margbreytilegum þörfum allra nemenda (t.d. grunnskólakennarar, sérkennarar, talmeinafræðingar, náms- og starfsráðgjafar, þroska- þjálfar). Hvaða leiðir sér þinn flokkur í að fjölga fagmenntuðum innan hvers skóla?

Samfylkingin vill koma á fót samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga, skólafólks, nemenda, foreldra og aðila vinnumarkaðarins, sem hafi það hlutverk að móta tillögur að umbótum í menntamálum með það fyrir augum að að efla skólastarf og gera kennarastarfið að vel launuðum og eftirsóknarverðum starfsvettvangi.

Þá þarf að leggja sérstaka áherslu á að auka hlutfall fagfólks með réttindi í leikskólum og tryggja mismunandi starfsleiðir fyrir háskólamenntað starfsfólk sem ekki er með leikskólakennaramenntun.

Samfylkingin telur brýnt að fjölga fagmenntuðum sérkennurum, talmeinafræðingum, náms- og starfsráðgjöfum og þroskaþjálfum en á sama tíma að efla hinn almenna kennara til að takast á við fjölbreyttan nemendahóp. Mikilvægt er að endurskoða kerfi þar sem mörgum foreldrum og kennurum finnst þeir ekki eiga aðgang að besta stuðningi fyrir börn með sérþarfir nema að fenginni greiningu.

Einnig ber að huga að því að mikill skortur er á endurnýjun hjá fagstéttum í skólastarfi almennt en auka þarf virðingu fyrir fagfólki í skólum og bæta starfsumhverfi þeirra til að störf í þessum mikilvægu menntastofnunum verði eftirsóttari. Samfylkingin byggir hér á starfi flokksins í borgarstjórn Reykjavíkur sem hefur haft forystu í viðtækri endurskoðun starfsumhverfis fagmenntaðra stétta í skólunum og eru niðurstöður þeirra vinnu væntanlegar en einnig er um þetta fjallað í nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar.

4. Að mati hópsins þarf verulega að bæta aðbúnað og aðstöðu í skólum til þess að framfylgja stefnu um skóla án aðgreiningar, sbr. það sem fjallað er um í spurningu 3. Má til að mynda nefna húsrúm fyrir sérúrræði innan skólanna. Hvernig sér þinn flokkur fyrir sér að hægt sé að bæta þá þætti innan skóla án aðgreiningar?

Samhliða því að að efla innra starfs skólanna og bæta starfskjör kennara er einnig mikilvægt bæta aðbúnað og tækjakost, styðja við breytta kennsluhætti og þróunarstarf í skólum.

Samfylkingin styður heildræna stefnu um samfelldan skóladag– og hér gegna skólabyggingar mikilvægu hlutverki. Börnum á að líða vel í skólanum og þess vegna eiga þau að fá sem stærstan hluta þjónustunnar sem þau þurfa á að halda innan veggja síns skóla.

Mikilvægt er að auka samtal milli þeirra sem nýta skólahúsnæðið. Þess vegna vill Samfylkingin hafa samráð við fagfólk og foreldra við að meta hvernig húsrúm og peningar eru best nýttir til þess að vinna að markmiðum skóla án aðgreiningar.

5. Hver er stefna flokksins í geðheilbrigðismálum og þá sérstaklega þegar horft er til geð- heilbrigðismála barna og ungmenna?

Þann 7. desember 2016 lagði Samfylkingin fram þingsályktunartillögu um að öllum nemendum í framhaldsskólum landsins yrði tryggt aðgengi að sálfræðiþjónustu innan veggja skólanna þeim að kostnaðarlausu. Samfylkingin vill bæta við 100 sálfræðingum í skólum og heilsugæslu um allt land. Við leggjum áherslu á að Ísland verði heilsuefandi samfélag sem stuðlar að góðri geðheilsu fólks.

Á framhaldsskólaárunum eykst brottfall úr skóla og geðræn vandamál sem fólk glímir við koma gjarnan fram á þeim árum. Í dag er aðgengi ungmenna að geðheilbrigðiþjónustu ábótavant og margir hafa ekki efni á henni. Ókeypis sálfræðiþjónusta í framhaldsskólum er forvörn og aðstoðar nemendur við að halda áfram námi þrátt fyrir erfiðleika. Slík þjónusta er líka mikilvæg fyrsta aðstoð í andlegum veikindum sem kunna að koma upp. Af þessum ástæðum vill Samfylkingin að geðheilbrigðiþjónusta fyrir börn og unglinga verði aðgengileg meðal annars með auknu aðgengi að sálfræðiþjónustu í skólum og á heilsugæslustöðvum landsins.

6. Hver er stefna flokksins í málefnum stofnana sem koma að málum barna með sérþarfir svo sem Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, BUGL og Proska- og hegðunarstöð. Hvernig hyggst þinn flokkur hafa áhrif á að biðlistum verði útrýmt?

Samfylkingunni er það hjartans mál að bæta geðheilbrigðiþjónustu. Við viljum stefna að því að útrýma biðlistum en á sama tíma þurfum við líka að verða betur í stakk búin til að styðja við börn með hjálp sálfræðinga, námsráðgjafa og heilsugæslu án þess að það þurfi að fara í greiningarferli í öllum tilfellum. Forvarnir sem felast í auknu aðgengi að sálfræðiþjónustu fyrir börn og ungmenni ættu einnig að skila okkur þeim árangri að fækka börnum á biðlistum eftir sértækari meðferðum.

Með von um góð viðbrögð og kærar þakkir, SAMFOK, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, ADHD samtökin, Einhverfusamtökin, Heimili og skóli, Landssamtökin Proskahjálp, Olnbogabörn, SAMLEIK, Sjónarhóll, Tourette-samtökin, Umhyggja – félag langveikra barna, UNICEF á Íslandi.